

**Efnahags- og
viðskiptaráðuneyti**

Minnisblað

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneytið**
Dagsetning: **14.05.2010**
Málsnúmer: **EVR09100102**
Bréfalykill: **3.1**

Efni: Frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta

Á fundi viðskiptanefndar Alþingis þann 12. maí s.l. var óskað eftir nánari upplýsingum frá ráðuneytinu um eftirtalin atriði:

- **Ríkisábyrgð.**
Sérstakur fundur viðskiptanefndar með efnahags- og viðskiptaráðherra verður um ríkisábyrgð.
- **Gengisáhættu**
Þótt ekki sé með beinum hætti kveðið á um mynt iðgjaldagreiðslna til sjóðsins í frumvarpinu leiðir af ákvæðum 7. mgr. 12. gr. frumvarpsins að greiðsla til innstæðueiganda sem átti innlánsreikning í erlendri mynt skuli vera í þeirri mynt. Þá er kveðið á um það að eigi sjóðurinn ekki fyrir útborgun sinni í þeirri mynt skuli greitt í íslenskum krónum það sem upp á vantar. Unnt er að takmarka gengisáhættu sjóðsins með því að tilgreina að við iðgjaldaútreikning og greiðslu iðgjalds skuli umreikna í íslenskar krónur þær fjárhæðir sem greiða á til sjóðsins vegna erlendra reikninga; og þá á gengi þess dags þegar iðgjald er greitt. jafnframt þarf þá að taka fram að greiðslur úr sjóðnum til réttihafa verði undantekningarlaust í íslenskum krónum. Með slíku fyrirkomulagi er gengisáhættan færð frá sjóðnum og yfir á innstæðueiganda.
- **Hæfi stjórnarmanna**
Gert er ráð fyrir að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri Tryggingarsjóðs innstæðueigenda þurfi að uppfylla ítarleg hæfisskilyrði. Um er að ræða sömu óhæðis- og hæfisreglur og stjórnarmenn skv. lögum um fjármálafyrirtæki þurfa að uppfylla, auk þess þurfa viðkomandi að lúta þagnarskyldu í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki.
- **Fjárfestingarstefna Tryggingarsjóðs innstæðueigenda**
Í frumvarpinu er lagt til að stjórn sjóðsins ákveði fjárfestingarstefnu hans og geri grein fyrir henni á ársfundi. Er litið svo á að stjórn sjóðsins sé betur til þess fallin að móta fjárfestingarstefnu sjóðsins heldur en löggjafinn. Fjárfestingarstefna sjóðsins þarf að vera í stöðugri endurskoðun og því óheppilegt að fastsetja í lögum ákvæði þar um. Á ársfundi gefst því tækifæri til að gera athugasemdir við fjárfestingarstefnuna. Það skilyrði er þó sett fram í lögnum að fjárfestingar sjóðsins skuli miða við að sjóðurinn geti sem best sinnt hlutverki sínu. Í gildandi reglugerð um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta nr. 120/2000, segir að ávöxtun á fé sjóðsins skuli við það miðuð að sjóðurinn verði sem hæfastur til að gegna hlutverki sínu. Að lágmarki fjórðungur af fé sjóðsins skuli bundinn í verðbréfum með ábyrgð ríkissjóðs. Í dönsku lögnum segir að kveðið skuli á um fjárfestingarstefnu sjóðsins í samþykktum hans. Ekki er kveðið á um fjárfestingarstefnu tryggingarsjóðs innstæðueigenda í norski löggjöf né í þeirri sænsku.